

hvað? hvár? hvenær?

14 15 16 **17** 18 19 20

Laugardagur

SAMKOMUR

12.00 Niunda vorhátíð foreldrafélags Háteigsskóla verður haldin í skólanum. Allir velkomnir.

14.00 Hljóð og vídeó nefnist uppáskóla á vegum myndlistardeildar Listaháskóla Íslands á Vorhátíð skólans í Hafnarhúsinu. Kynntar verða nýjungar á sviði vídeólistar.

14.00 Færeyingafélagið heldur uppá 60 ára afmæli sitt með menningardagskrá í Vestnorræna menningarhúsinu í Hafnarfirði. Dr. Eyðun Andreasen fjallar um færeyskan dans, Havnar dansifelag sýnir dansa, Vésteinn Ólason prófessor fjallar um íslensk kvæði og Ragnvald Larsen fjallar um upphaf flugsamgangna milli Færeyja og Íslands. Dagskránni lýkur klukkan 16.

14.00 Safamýrarskóli fagnar 20 ára afmæli í dag. Allir velunnarar Safamýrarskóla eru velkomnir.

16.00 Tískusýning verður í port Hafnarhússins. Verkefni nemenda fyrsta og annars árs í textíl og fatahönnun við Listaháskóla Íslands verða sýnd.

18.30 Hátíðarveisla Færeyingafélagsins í Reykjavík verður haldin í Víkingasal Hótel Loftleida í tilefni af 60 ára afmæli félagsins. Eftir borðhaldið spilar færeyska hljómsveitin Twilight.

21.00 Guðmundur Páll Ólafsson náttúrufræðingur og rithöfundur kynnr hugmyndir sínar að þjóðgarði fugla og fiska á kvöldvöku sem samtökin Landvernd halda í Hótel Brattaholti við Gullfoss. Allir velkomnir.

Vorbasar heimilismanna í dvalarheimilinu Ási í Hveragerði verður í dag.

Þetta list mér á!



STEFÁN PÁLSSON

Fyrir mig sem mikinn Færeyja-
fvin er af nógu að taka um þessa helgi“, segir Stefán Pálsson sagnfræðingur. „Ráðstefnan í Vestnorræna húsinu í Hafnarfirði á laugardaginn hljómar spennandi, enda fjallað um allt milli himins og jarðar: danskvæði og flugsamgöngur. Fyrir okkur sem búum í Norðurmýrinni er reyndar hræðilega langt að fara alla leið suður í Hafnarfjörð, en úr því að á annað borð er verið að leggja í langferð þá væri kannski ekki úr vegi að skella sér til Grindavíkur. Ég hef lengi lofað sjálfum mér að skoða Saltfisksetrið þar. Sýning í Gallerí Hlemmi um stúlku sem heldur að hún sé hæn-sni eftir Steingrím Eyfjörð hljómar svo furðulega að það má varla missa af því. Eins er rússneska ljósmyndasýningin að Kjarvalsstöðum eflaust mjög áhugaverð. Stærsti menningar- og listviðburður helgarinnar verður þó á Árbæjarvelli þar sem Framarar stíga væntanlega fyrsta skrefið í átt að Íslandsmeistararitli í fótboltanum. Annars eru þessar vangaveltur býsna haldlitlar þar sem ég ætla út úr bænum með konunni næstu vikuna og missi því af þessu öllu.“

Val Stefáns

LJÓSMYNDUN

Rússneskar ljósmyndir

Ljósmyndasafn Moskvuborgar er mjög merkilegt safn. Það er ekki nema sex ára gamalt, en er orðið gífurlega öflugt,“ segir Einar Falur ljósmyndari. Á síðasta ári hélt hann ásamt hópi Íslendinga til Moskvuborgar, þar sem sýndar voru íslenskar ljósmyndir í Ljósmyndasafninu.

„Þetta voru 120 myndir frá Þjóðminjasafninu og annað eins af samtímaljósmyndum, bæði það elsta og yngsta í íslenski ljósmyndun. Í raun og veru var þetta fyrsta yfirlitssýningin á íslenski ljósmyndun.“

Nú er röðin komin að Íslendingum að fá að kynna rússneski ljósmyndun. Í dag verður opnuð á Kjarvalsstöðum sýning á 250 rússneskum ljósmyndum frá 1840 fram á þennan dag, sem valdar eru sérstaklega af Ljósmyndasafni Moskvuborgar til þess að kynna þær Íslendingum.

Rússar byrjuðu mjög snemma að taka ljósmyndir og afar forvitnilegt er að skoða þróun hennar í gegnum ólík tímabil sögunnar.

„Þeir voru byrjaðir strax 1840, árið eftir að saga ljósmyndunar hefst í heiminum. Rússnesk ljósmyndun tók síðan mjög fljótt tvær stefnur, annars vegar list-



KORNSKURÐUR Á ÞRIÐJA ÁRATUG 20. ALDAR

Stór yfirlitssýning á rússneskum ljósmyndum verður opnuð í dag í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsinu.

ræna ljósmyndun þar sem reynt er að líkja eftir málverkum, hins vegar fréttaljósmyndun. Síðan urðu kaflaskil með byltingunni 1917. Þá komu fram á sjónarsviðið nokkrir ljósmyndarar sem enn eru þekktir fyrir framsækna ljósmyndun. Um 1930 er hins

vegar öll tilraunamennska stöðuð og sósíalrealisminn einn leyfður.“

Eftir að kalda stríðinu lauk opnuðust síðan allar gáttir á ný fyrir ljósmyndara í Rússlandi, sem þeir hafa óspart notfært sér.

gudsteinn@frettabladid.is

OPNANIR

14.00 „ÓRÓ“ nefnist vorsýning sex myndlistarnema á öðru ári í Listaháskóla Íslands sem haldin verður í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar. Opnartími er frá kl. 14-17.

14.00 Sýning á verkum nemenda Myndlistaskólans á Akureyri verður í Listagilinu á Akureyri bæði í Ketilhúsinu og að Kaupvangsstræti 16. Vorsýningin verður laugardag og sunnudag, kl. 14-18 báða dagana.

15.00 Einar Hákonarson opnar sýningu í Húsi málara, Eiðistorgi. Sýningin stendur til 7. júní og verður opin fimmtudaga - sunnudaga kl. 14-18.

16.00 Björg Guðmundsdóttir opnar sína fyrstu einkasýningu í Gallerí Tukt, Hinu Húsinu, Pósthússtræti 3-4.

16.00 Yfirlitssýning á rússneski ljósmyndun verður opnuð á Kjarvalsstöðum.

16.00 Sýning á höggmyndum eftir Örn Þorsteinnsson verður opnuð á Kjarvalsstöðum. Sýningin teygir sig um ganga Kjarvalsstaða og umhverfis húsið.

17.00 Veronica Österman frá Finnlandi opnar málverkasýningu í Listhúsi Ófeigs, Skólavörðustíg 5. Sýningin er opin virka daga 10-18 og laugardaga 11-16.

14.00 Steinunn Marteinsdóttir opnar sýningu á Hulduhólum í Mosfellsbæ. Hún sýnir málverk leirverk.

BÍLASÝNING

12.00 Áhugamönnum um vandaða bíla býðst tækifæri til að skoða nýjan Lexus RX 300 í Lexus umboðinu við Nýbýlaveg í Kópavogi til klukkan 16.

TÓNLIST

16.00 Þingeyingakórinn heldur vortónleika í Fella og Hólakirkju. Kári Friðriksson stjórnar kórnum. Undirleik annast Arngerður María Árnadóttir.

17.00 Unglingakór Akureyrarkirkju heldur vortónleika í kirkjunni. Stjórnandi er Eypör Ingi Jónsson og á efnisskránni eru íslensk lög og erlend.



17.00 Sautján söngvarar frá Færeyjum halda kórtónleika í Salnum, Tónlistarhúsi Kópavogs, undir stjórn fyrverandi bæjarstjóra í Klakksvík og þingmanns Jógvan við Keldu. Monika Slauss Joensen fíðuleikari og Helga Hilmarisdóttir Gerðalíð píanoleikari spila með. Samkór Kópavogs mun einnig syngja nokkur lög undir stjórn Julian Hewlett.

17.30 Kristján Helgason bariton og Antonía Hevesí píanoleikari og organisti verða með tónleika í Hafnarborg. Á efnisskránni eru íslensk og erlend sönglög.

19.30 Sífoníuhljómsveit Íslands ætlar að flytja ABBA-lögin sívinsælu í glæsilegum búningi á tónleikum í Háskólabíói. Breskir söngvarar frá West End syngja, stjórnandi er Martin Yates og íslensk hrynsveit kyndir undir.

LEIKLIST

14.00 Stígveíaði kötturinn fyrir yngstu krakkana á Litla sviði Borgarleikhússins í samstarfi við Sjónleikhúsið. Allir fá ís á eftir. Þetta er síðasta sýningin.

14.00 Dansleikhúsið sýnir fjögur ný íslensk verk á Nýja sviði Borgarleikhússins.

20.00 Rómeó og Júlía eftir William Shakespeare er sýnd á Litla sviði Borgarleikhússins í uppfærslu Vesturports.

20.00 Söngleikurinn Með fullri reisu eftir Terrence McNally og Davit Yazbek á Stóra sviði Þjóðleikhússins.

20.00 Breski farsinn Ófugu megin

uppi með Eggert Þorleifsson í aðalhlutverki verður sýndur á Stóra sviði Borgarleikhússins.



20.00 Nemendaleikhús Listaháskólans sýnir í Smiðjunni, Sölvhólsstötu 13, Tvö húsi, leikgerð þar sem tveimur leikritum eftir Lorca er steypt saman í eina sýningu.

20.00 Sumarævintýri eftir William Shakespeare og leikhóppinn verður sýnt á Nýja sviði Borgarleikhússins.

Mitt mat

Þetta er skemmtilegt leikhús“, segir Stefán Jónsson, leikari og leikstjóri, um Sumarævintýri Shakespeares sem sýnt er í Borgarleikhúsinu. „Þetta er óður til leikhússins og enn eitt skemmtilegt afsprengi þessa ágæta hóps á Nýja sviðinu. Orðin hennar Hörpu fóru beint í hjartað.“

21.00 Einleikurinn Sellófon eftir Björk Jakobsdóttir í NASA við Austurvöll.

hvað? hvár? hvenær?

15 16 17 **18** 19 20 21

Sunnudagur

SAMKOMUR

14.00 Vilborg Dagbjartsdóttir, sem er skáld mánaðarins í Þjóðmenningarhúsinu, les upp nokkur ljóða sinna bæði frumsamin og þýdd.

16.00 Rithöfundasamband Íslands og Gunnarsstofnun efna til dagskrár á Dyngjuvegi 8 í tilefni þess að 114 ár eru liðin frá fæðingu skáldsins Gunnars Gunnarssonar. Skúli Björn Gunnarsson, forstöðumaður Gunnarsstofnunar, Óskar Vistdal bókmenntafræðingur og Guðrún Ása Grímsdóttir sagnfræðingur flytja erindi.

16.00 Tískusýning verður í port Hafnarhússins. Verkefni nemenda fyrsta

Erum í sumarskapi

20% afsláttur í dag

Undirfataverslunin

Ég og Þú

Laugavegi 67 sími 551 2211

Þjónustuverið er opið. Síminn er 5 500 600

Iceland Express

Þjónustuverið er opið virka daga frá 9-17, laugardaga frá 10-16 og sunnudaga frá 11-15. Þú getur einnig skoðað og bókað á IcelandExpress.is eða komdu á söluskrifstofuna Suðurlandsbraut 24, opið 9-17 virka daga.

Lág fargjöld. Enginn bókanarfyrirvari. Engin lágmarksdvöl og engin hámarksdvöl.

Söluskrifstofa Suðurlandsbraut 24, opið 9-17 virka daga | Sími 5 500 600 | www.IcelandExpress.is

Ráðlagður dagskammtur

FRÉTTABLAÐIÐ

Við segjum fréttir